



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Við Austurvöll
150 Reykjavík

SA/

Rvk. 20.01.2003

Efni: Umsögn um stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, með síðari breytingum, 427. mál.

Samtök atvinnulífsins vilja gera athugasemd við 44. gr. frv. þar sem felld er út heimild félaga að taka tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga við gerð ársreikninga vegna reikningsára sem hefjast á árunum 2002 og 2003.

Með lögum nr. 128/2001 voru verðbólguleiðréttingar felldar út úr lögum um ársreikninga, en í bráðabirgðaákvæði var félögum veittur tveggja ára aðlögunartími og þeim heimilað að gera ársreikninga skv. eldri ákvæðum reikningsárin 2002 og 2003.

Í því frumvarpi sem hér er til umræðu er felld út heimildin til að semja og birta verðleiðrétt reikningsskil fyrir árið 2003. Vísað er til óánægju reikningsskilaráðs og Kauphallar Íslands með ákvæðið sem gefi tilefni til ósamræmis í uppgjörum félaga.

Þessi tillaga er augljóslega of seint fram komin og getur slík breyting ekki gilt aftur í tímann, þ.e. fyrir reikningsárið sem hófst 1. janúar sl. Félög hafa tekið ákvarðanir sínar á grundvelli gildandi bráðabirgðaákvæðis laganna og þau þurfa tíma til að undirbúa breytingar, t.d. á upplýsingakerfum.

Af þessum ástæðum treysta Samtök atvinnulífsins því að áfram verði heimilt að semja og birta ársreikning fyrir reikningsárið 2003 þar sem tekið er tillit til almennra verðlagsbreytinga.

Virðingarfyllt,

Hannes G. Sigurðsson

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri